

Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn 23. nóvember 2016, kl 15.00, í fjarfundi á skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga og frá Hólmavík.

Mætt voru Pétur G Markan, formaður, Ingibjörg Emilsdóttir (Hólmavík), Margrét Jómundsdóttir og Sigurður Hreinsson. Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður kynnti að Jón Örn Pálsson, hefði forfallast með litlum fyrirvara og ekki gefist færi á að boða varamann. Gengið til dagskrár sem send út 21. nóvember s.l.

1. Fundargerð stjórnarfundar 11. október 2016
2. Fundargerð framkvæmdaráðs Umhverfissvottunar Vestfjarða
3. Fundargerðir ráðgjafaráðs Markaðsstofu Vestfjarða 8. og 16. nóvember 2016
 - a. Beiðni um framhald markaðsverkefnis.
 - b. Yfirlýsing vegna Markaðsstofu Vestfjarða
 - c. Drög að Markaðsstefnu
 - d. Kjarnaveitur upplýsingamiðstöðva
4. Sóknaráætlun Vestfjarða
 - a. Greinargerð stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál um framkvæmd sóknaráætlun landshluta.
 - b. Fundur með stýrihópi 29. nóvember 2016
 - c. Uppbyggingarsjóður Vestfjarða
 - i. Áherslur auglýsingar styrkveitinga 2017
 - ii. Fjárhagsrammi úthlutunar 2017.
5. Stefnumörkun Fjórðungssambands Vestfirðinga. Fundir með sveitarfélögum.
6. Fundargerðir FRMST
7. Starfshópur um framtíðarskipulag samstarfs FV og Atvest.
8. Landshlutasamtök sveitarfélaga
 - a. Fundargerðir
9. Önnur mál

1. Fundargerð stjórnarfundar 11. október 2016

Fundargerð stjórnarfundar frá 11. október lögð fram til endanlegrar staðfestingar en hafði áður verið staðfest í tölvupósti. Fundargerð staðfest.

Mætt til fundar Díana Jóhannsdóttir, markaðsfulltrúi, Lína Björg Tryggvadóttir, verkefnastjóri og Skúli Gautason, menningarfulltrúi (Hólmavík).

Formaður bauð nýjan menningarfulltrúa velkominn á fyrsta fund stjórnar FV.

2. Fundargerð framkvæmdaráðs Umhverfissvottunar Vestfjarða

Lögð fram fundargerð framkvæmdaráðs Umhverfissvottunar Vestfjarða frá 16. nóvember 2016.

Lína Björg fór yfir efni fundargerðarinnar en þar kynnt staðfesting EarthtCheck á vottun á starfsemi vestfirskra sveitarfélaga og næstu skref í verkefninu.

Formaður lagði til eftirfarandi tillögu að samþykkt .

Stjórn FV fagnar þeim áfanga sem náðst hefur með samþykki EarthCheck á vottun á starfsemi sveitarfélaga á Vestfjörðum. FV telur að vottun EarthCheck sé hluti af framkvæmd á sameiginlegri stefnu samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum í átt að sjálfbærni og verndun umhverfis landshlutans.

Stjórn samþykkir að boðað verði til fundar í desember n.k. með framkvæmdaráði, oddvitum og eða framkvæmdastjóra sveitarfélaganna um framkvæmd verkefnisins til ársins 2020. Hlutverk fundarins verði tvíþætt, annars vegar að setja fram skipurit verkefnisins og hinsvegar að móta framtíðarsýn verkefnisins til ársins 2020. Í framhaldinu verði boðað til fundar í janúar n.k. til að fjalla um verkefnaáætlun.

Stjórn FV þakkar síðan verkefnastjóra fyrir ötult starf að verkefninu og þeim áfanga sem nú hefur náðst.

Tillagan samþykkt.

3. Fundargerðir ráðgjafaráðs Markaðsstofu Vestfjarða 8. og 16. nóvember 2016

Lagðar fram til kynningar fundargerðir ráðgjafaráðs Markaðsstofu Vestfjarða frá 8. og 16. nóvember 2016. Díana Jóhannsdóttir, fór yfir efni fundargerðanna.

a. Beiðni um framhald markaðsverkefnis .

Formaður lagði fram til endanlegrar staðfestingar erindi stjórnar FV til sveitarfélaga á Vestfjörðum dags. 17. nóvember 2016. **Ósk um framlengingu á aukaframlag til Markaðsstofu Vestfjarða**

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga barst erindi frá fundi ráðgjafaráðs Markaðsstofu Vestfjarða sem haldinn var 8. nóvember 2016. Í erindinu var sett fram beiðni um framlengingu á aukaframlagi sveitarfélaganna til Markaðsstofu Vestfjarða á árinu 2017, eða sem nemur 7 mkr. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga er samþykk tillögu ráðgjafaráðs og beinir því til afgreiðslu sveitarfélaga á Vestfjörðum á fjárhagsáætlun ársins 2017

Tillagan samþykkt

Með tillögunni fylgir greinargerð markaðsfulltrúa.

b. Yfirlýsing vegna Markaðsstofu Vestfjarða

Lagt fram til kynningar tillögur ráðgjafaráðs MV um breytingar í áherslum í hlutverki ráðgjafaráðs.

Við sameiningu starfsemi MV við starfsemi FV, gáfu stjórnir Ferðamálasamtaka Vestfjarða og FV út yfirlýsingu um hlutverk ráðgjafaráðsins. Framkvæmdastjóri FV óskaði eftir því að ráðgjafaráðið færi yfir efni yfirlýsingunnar m.t.t. af reynslu af starfsemi ráðgjafaráðs.

Ráðgjafaráð fjallaði um málið á fundi þann 16. nóvember s.l. og leggur til ákveðnar breytingar .

Formaður gerir tillögu um að efni skjalsins verði vísað til næsta stjórnarfundar.
Tillagan samþykkt.

c. Drög að Markaðsstefnu

Markaðsfulltrúi kynnti drög að markaðsstefnu sem ráðgjafaráðið vinnur nú að. Lagt fram til upplýsingar.

d. Kjarnaveitur upplýsingamiðstöðva

Markaðsstofur landshlutanna hafa að beiðni Ferðamálastofu unnið á síðustu mánuðum að hugmyndum að Kjarnaveitu upplýsingamála. Markaðfulltrúi kynnti tillögu að kostnaðar og verkefnaáætlun fyrir hluta verkefnisins, áætlunin er unnin í samvinnu við Markaðsstofu Norðurlands.

Formaður gerði tillögu að samþykkt.

Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa um áráðil lagt fram meirhluta þeirra fjármuna til rekstar á upplýsingamiðstöðvum ferðamála . Með tillögu að stofnun kjarnaveitna er unnið að þróun þessara þjónustu. Stjórn FV fagnar þeim áfanga en leggur áherslu á að stjórnvöld fjármagni þá undirbúningsvinnu sem þarf hér til. Með þessum fyrirvara samþykkir stjórn FV aðild Markaðsstofu Vestfjarða að verkefnaumsókn um Kjarnaveitur í samstarfi við Markaðsstofu Norðurlands.

Tillagan samþykkt.

Önnur mál. Markaðsfulltrúi kynnti stöðu DMP verkefnis sem er á forræði Stjórnstöðvar ferðamála. Markaðsfulltrúi lýsti áhyggjum af stöðu sveitarfélaganna innan svæðisráðs um DMP.

4. Sóknaráætlun Vestfjarða.

a. Greinargerð stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál um framkvæmd sóknaráætlun landshluta, nóvember 2016.

Lagt fram til kynningar.

b. Fundur með stýrihópi 29. nóvember 2016

Framkvæmdastjóri kynnti að FV hefur verið boðað á fund í Reykjavík með stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál þann 29. nóvember n.k.. Fundurinn er hluti fundaröð stýrinetsins með landshlutasamtökum. Formaður, framkvæmdastjóri og menningarfulltrúi munu sækja fundinn.

c. Uppbyggingarsjóður Vestfjarða

Menningarfulltrúi lagði fram tillögu að verklags og úthlutunarreglum Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fyrir árið 2017. Tillögurnar byggja umfjöllun samráðsvettvangs Sóknaráætlunar Vestfjarða frá 3. júní s.l..

i. Áherslur auglýsingar styrkveitinga 2017

Við úthlutun 2017 er litið sérstaklega til umsókna sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna skilyrða:

- a) Verkefni sem efla nýsköpun og atvinnuþróun á svæðinu
- b) Verkefni sem stuðla að vöru- og gæðaðróun í starfandi fyrirtækjum
- c) Verkefni sem stuðla að fjölbreytni og aukinni fagmennsku í menningarstarfi
- d) Verkefni sem fjölga eða styðja við atvinnutækifæri á sviði lista og menningar
- e) Verkefni sem efla samstarf, ýmist á milli svæða, listgreina, fyrirtækja eða rannsóknaraðila
- f) Verkefni sem styðja við uppbyggingu og eflingu menningartengdrar ferðaþjónustu
- g) Verkefni sem skapa störf fyrir háskólamenntaðar konur og ungt fólk á svæðinu
- h) Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni sem eru gjaldeyrisskapandi
- i) Atvinnuþróunarverkefni sem eru á sviði líftækni

ii. Fjárhagsrammi úthlutunar 2017.

Fjárhagsrammi er settur fram með fyrirvara um afgreiðslu á fjárlögum ársins 2017 en gert er ráð fyrir sambærilegu fjármagni og árinu 2016, að frádregnum framlögum til verkefna sem samþykkt voru á árinu 2016 til fleiri en eins árs í senn.

Formaður gerði tillögu að samþykkt.

- *Stjórn FV staðfestir starfshætti fyrir úthlutunarnefnd og reglur fyrir úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða.*
- *Stjórn FV samþykkir að heimila auglýsingu umsókna Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða með skilafresti 9. janúar 2017.*
- *Ákvörðun um endanlega skiptingu framlaga á efnisflokka, menningar, nýsköpunar og atvinnuþróunar og stofn og rekstarstyrki verður tekin þegar fjárlög fyrir árið 2017 hafa verið afgreidd frá Alþingi.*

Tillagan samþykkt.

Díana, Lína Björg og Skúli viku nú af fundi.

5. Stefnumörkun Fjórðungssambands Vestfirðinga. Fundir með sveitarfélögum.

Formaður lagði til að dagskrárlið verði frestað. Tillagan samþykkt.

6. Fundargerðir FRMST

Lagðar fram til kynningar fundargerði stjórnar Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða nr 109 og 110 frá 7. og 15. nóvember s.l..

7. Starfshópur um framtíðarskipulag samstarfs FV og Atvest.

Framkvæmdastjóri fór yfir efni trúnaðarskjals.

Formaður gerði tillögu að samþykkt.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga lýsir stuðningi við stofnun Vestfjarðastofu, sjálfseignarstofnunar og felur formanni að sækja hluthafafund Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða þar sem tillaga þess efnis kemur til umfjöllunar.

Tillagan samþykkt.

8. Landshlutasamtök sveitarfélaga

Lagðar fram til kynningar fundargerðir SSNV, Eyþings og SSA auk ályktunar aðalfundar Eyþings fyrir árið 2016.

Eyþing, fundur nr 287, 26. október 2016

SSNV, 8. nóvember 2016

SSA, 1. nóvember 2016

9. Önnur mál

a. Staða Ísafjarðarflugvallar.

Formaður gerði tillögu að samþykkt.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga tekur undir áhyggjur sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum um versnandi stöðu flugs um Ísafjarðarflugvöll. Breytingar á flugvélaþætti flugrekstaraðila hefur aukið tíðni niðurfellinga áætlunarflugs og kemur þar til viðbótar við þann vanda sem felst í staðsetningu vallarins. Stjórn FV krefst því þess að sett verði þegar í framkvæmd, tillaga um rannsóknir á flugvallarstöði fyrir Vestfirði í skýrslu nefndar forsætisráðherra um samfélags- og atvinnuþróun á Vestfjörðum frá því september s.l. og óskar eftir fundi með þingmönnum NV kjördæmis um málið.

Tillagan samþykkt.

b. Kjaramál.

Rætt um niðurstöðu fundar Kjararáðs frá 29. október s.l., um hækkun þingfarakaups.

Formaður gerði tillögu að samþykkt.

Laun stjórnar og nefnda á vegum Fjórðungssambands Vestfirðinga verði óbreytt frá því í lok september s.l.. Málið komi að nýju til skoðunar þegar Alþingi hefur falið Kjararáð að fjalla að nýju um ákvörðun um breytingu þingfarakaups s.m.b. niðurstöðu fundar Kjararáðs 29. október s.l..

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16.45